



Sjálfstæði Íslands og atburðirnir vorið 1940, eftir Bjarna Benediktsson

Bjarni Benediktsson – Sjálfstæði Íslands og atburðirnir vorið 1940

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-9, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sjálfstæði Íslands og atburðirnir vorið 1940.

Eftir *Bjarna Benediktsson*.

I.

Frá því er endurreisn Íslands hófst, hafa Íslendingar ætíð tekið í sínar hendur öll þau ráð yfir eigin málum, sem þeir gátu frekast náð á hverjum tíma. Fullveldi Íslands hefir þó ekki fengizt baráttulaust. Baráttan hefir verið tvíþætt. Annars vegar hefir hún verið við hið erlenda ríki, sem hér hafði yfirráð um margra alda skeið. Segja má, að þeirri baráttu hafi að mestu lokið 1918, því að samkvæmt sambandslögunum eiga Íslendingar það að nær öllu undir sjálfum sér, hvort þeir taka öll mál í eigin hendur eða ekki eftir 1943. En hinum þætti baráttunnar var eigi lokið 1918. Hann var gegn vantrú Íslendinga á því, að þeir væru þess megnugir að standa á eigin fótum.

Þessi vantrú er engan veginn óskiljanleg. Íslendingar eru lítil þjóð og fátæk í stóru og erfiðu landi. Rökin gegn því, að slíkri þjóð sé unnt að halda uppi fullvalda ríki, eru mörg, og óttinn við, að illa muni fara, alls eigi ástæðulaus. Það var því ekki af umhyggjuleysi fyrir velfarnaði þjóðarinnar, að ýmsir Íslendingar hafa fyrr og síðar latt hana þess að halda áfram á sjálfstæðisbrautinni. Vantrú þessara manna hefir e. t. v. orðið til þess, að ýmsum áföngum í framsókn þjóðarinnar hefir verið náð síðar en ella hefði orðið, en hún hefir aldrei megnað að kæfa vilja meginhluta þjóðarinnar til fulls frelsis. Reynslan hefir og sýnt, að þrátt fyrir allt hefir aukið frelsi ætíð orðið þjóðinni svo ótvírætt til góðs, að jafnvel hinir vantrúuðu hafa orðið að játa. En sú játning hefir tíðast einungis verið bundin við það, sem orðið er, og efinn

haldizt jafnrikur um þau réttindi, sem enn hafa verið óheimt í hendur þjóðarinnar.

Það er nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, að þetta tvenns konar viðhorf er ekki nýtt, heldur hefir haldizt frá því að Íslendingar hófu fyrst sjálfstæðisbaráttu sína. Því að eins geta menn metið rétt þá vantrú, sem hjá sumum hefir hin síðari ár komið fram á því, að Íslendingar verði þess megnugir, að taka einir alger umráð yfir öllum málum sínum, að þeir geri sér ljóst, að sams konar vantrú á getu landsmanna hefir áður komið fram um allar þær réttarbætur, sem þegar eru fengnar og nú þykja sjálfsgæðar.

En þótt óttinn um getuleysi landsmanna sé ekki nýr, þá er auðvitað ekki fyrir það að synja, að þó að hið ótrúlega hafi blessazt fram að þessu, þá sé engan veginn vist, að svo verði einnig hér eftir, einkum ef öllum sértengslum við hið gamla yfirráðaríki verður slitið. Það er því alveg vist, að þó að sagan sjálf virðist hafa markað Íslendingum alveg hiklaust þá leið, að þeir ættu að taka fullt sjálfstæði, þegar er þeir máttu, og þótt Alþingi og ríkisstjórn hafi marglýst yfir, að þessi væri ásetningur þeirra, þá mundi alger uppsögn sambandslaganna eftir árið 1943 engan veginn hafa orðið ágreiningslaus, ef ekkert sérstakt hefði í skorizt.

En nú hafa þeir atburðir orðið, sem hljóta að eyða öllum ágreiningi í þessu efni. Á síðari árum hefir því einkum verið haldið fram til styrktar sambandinu við Dani, að þeir veittu oss mikið öryggi gegn því, að aðrar þjóðir, oss síður vinveittar og þeim ágengari, tækju landið undir sig. Öðrum, sem að visu hefir verið varnarleysi landsins jafnljóst og hinum, hefir aftur á móti ekki skilizt styrkurinn af vernd Dana. Þeir hafa munað, í hvilika hættu landsmenn komust í Napoleonsstyrjöldunum, vegna þátttöku Dana í þeim. En þá hlífðu Englendingar landinu við hernaðaraðgerðum og birgðu það um skeið upp að nauðsynjum, þó að það tilheyrði þá óvinaríki þeirra og því hefði frekar mátt búast við af þeim fjandskap en slíku drenglyndi, sem þeir sýndu þá. Mönnum hefir einnig verið kunnugt um þá frásögu

Dana, að 1864 hafi þeir haft ráðagerðir um að bjóða Þjóðverjum Ísland í skiptum, til þess að þeir fengi sér hagkvæmari samninga um Slésvík og Holtsetaland, er Þjóðverjar höfðu þá hertekið og héldu, þrátt fyrir gagnstæðar ráðagerðir Dana. Loks hafa menn haft í huga, að á ófriðarárunum 1914—1918 urðu Íslendingar æ meir og meir að annast sjálfir um utanríkismál sín og sjá sjálfum sér borgið í skiptum við aðrar þjóðir. Þeir, sem svo hugsa, hafa haldið, að öryggi landsins mundi aukast en ekki minnka, ef sambands slit yrðu við Danmörku. Þó að eigi beri að efast um, að þetta síðara sjónarmið hefði orðið ofan á, þegar á reyndi, er samt vist, að ýmsir báru kviða í brjósti um, hvað verða myndi, er síðustu tengslunum við Danmörku væri slitið. Kviðinn um framtíð þjóðarinnar helzt og er vafalaust nú í hug fleiri manna en nokkru sinni fyrr. En þeir atburðir hafa gerzt, að engum getur framar til hugar komið, að aukið öryggi sé að sambandinu við Danmörk.

II.

Í árslok 1939 þótti mikil hætta á, að Danmörk kynni að dragast í Finnlandsstríðið, sem þá geysaði, og síðar inn í stórveldastyrjöldina. Að visu er það ljóst af sambandslögunum, að Ísland getur verið hlutlaust, þó að Danmörk sé í ófriði, sbr. bæði 7. gr. og yfirlýsingu Íslands í 19. gr. sambandslaganna um ævarandi hlutleysi þess og að það hafi engan gunnfána, þar sem Danmörk hefir engu slíku lýst yfir og vitanlega hefir bæði her og gunnfána. En þrátt fyrir það var viðbúið, að hin nánú tengsl Íslands við Danmörku yrðu til þess að skapa hættu, eða a. m. k. að auka á þá hættu, sem ella kynni að vofa yfir landinu. Hin furðulegu og alröngu ummæli mikilsmegandi danskra stjórnámálanna, að af konungssambandinu hlyti að leiða sameiginlega utanríkispólitík, voru og mjög til þess löguð að auka á hættuna, ef mark var á þeim tekið.

Um áramótin mun og íslenzka ríkisstjórnin hafa fengið ákveðinn grun um, að ef Danmörk drægist inn í stríðið,

mundi England telja sér nauðsynlegt að fá hernaðarbæki-stöðvar hér á landi. Grunur þessi fór mjög leynt og varð svo að vera eftir öllum atvikum. Ríkisstjórnin var þó ekki aðgerðalaus og lét þegar hefja athugun á, hver ráð væru líklegust til þess að firra landið slíkum voða og hvernig við skyldi bregðast, ef hann bæri að höndum.

Nokkur bið varð þó á því, sem óttast var, og eftir að Finnlandsstýrjöldinni lauk, dró lítills háttar úr kvíða manna. Þetta var þó einungis skin á undan skúr, því að aðfaranótt 9. apríl var Danmörk hertekin af Þýzkalandi.

Íslenzku ríkisstjórninni var þegar ljóst, að nú var þörf þeirra aðgerða, sem fyrirhugaðar höfðu verið. Hún lét því strax sama dag ganga frá tveimur þingsályktunartillögum, sem hún flutti á Alþingi næstu nótt og þar voru samþykktar af öllum þingheimi.

Fyrri ályktunin var um æðsta vald í málefnum ríkisins og hljóðar svo: „Með því að ástand það, sem nú hefir skapast, hefir gert konungi Íslands ókleift að fara með vald það, sem honum er fengið í stjórnarskránni, lýsir Alþingi yfir því, að það felur ráðuneyti Íslands að svo stöddu meðferð þessa valds.“

Samkvæmt stjórnarskrá ríkisins fer konungur með hið æðsta vald í málefnum þess. Nú á dögum er þetta vald að vísu fremur form en það hafi raunveruleg áhrif konungs í för með sér, því að sjálfsagt er talið, að konungur fari eftir tillögum ráðherra sinna um allar stjórnarathafnir. En atbeini konungs er nauðsynlegt form. Ef því er ekki fullnægt, eru ýmsar stjórnarathafnir ólöglegar. Má hér einkum nefna staðfesting laga, útgáfu ýmissa stjórnarerinda, samninga við önnur ríki, kvaðning Alþingis, slit þess, frestun og rof, ýmsar embættaveitingar o. s. frv. Undirskrift konungs er nauðsynleg um allar þessar ráðstafanir, til þess að þær verði gildar. Ráðherrarnir verða því að vera í föstu sambandi við þann, sem með konungsvaldið fer. Samband þetta hefir að vísu aldrei verið svo náíð sem skyldi, en þó hefir fram að þessu ætíð verið hægt að ná til konungs, eða þess, sem með

vald hans hefir farið, þegar mikið hefir legið við. En 9. apríl, þegar mest reið á, að beinu sambandi konungs og ráðherra væri haldið, slitnaði það. Þá komust meginherir tveggja mestu hernaðaraðilja, sem sagan greinir, á milli Íslendinga og konungs þeirra. Meðan svo stendur, getur vitanlega ekki átt sér stað sú samvinna, sem eftir stjórnarskránni er nauðsynleg milli konungs og ráðherra.

Í íslenskum lögum eru ekki fyrirmæli um, hvornig að skuli fara, þegar svona stendur á. Mælt er fyrir um það, hvornig fara skuli, ef konungur getur hvorki gegnt konungdæmi í Danmörku né á Íslandi. Að hinu er alls ekki vikið, hvornig að skuli fara, ef honum er einungis ókleift að fara með vald sitt hér. Í íslenzku lagadeildinni hefir ætíð verið kennt, að ef konungur vanrækti stjórnarstörf á Íslandi, þá yrði ráðuneyti þess að fara með konungsvald, unz Alþingi gerði aðra skipan. Aldrei hefir verið efazt um, að svo bæri að fara að um þetta ólögákveðna tilfelli; en það, að konungi sé ókleift að fara með valdið, er þessu alveg hliðstætt, og sjálfsagt að láta hið sama gilda um hvort tveggja. Ríkisvaldið kemur frá þjóðinni. Alþingi er fulltrúi hennar og þess vegna bar því að segja til um það, með hverjum hætti skyldi með konungsvaldið farið, þegar hinn rétti aðili gat eigi beitt því. Hitt nær engri átt, sem flogið hefir fyrir, að úr því að konungur gat eigi farið með vald sitt, þá hefði danska ríkisráðið átt að taka við því. Það er að vísu rétt, að danska ríkisráðið á stundum að fara með konungsvald, ef konungur getur í hvorugu landinu beitt valdi sínu. En það á aldrei að fara með konungsvald, ef ómöguleikinn tekur einungis til Íslands, enda alveg ljóst, að nú var danska ríkisráðinu engu fremur kleift en konungi að fara með vald hans hér á landi.

Alþingi hafði þess vegna ekki einungis heimild til að ráðstafa meðferð konungsvaldsins, heldur bar því til þess stjórnskipuleg skylda. Með þessu var ekki framið stjórnlagaröf, heldur þvert á móti stjórnskipun ríkisins haldið uppi á hættunnar stund. En í ályktuninni má ekki telja felast meira en

hún sjálf segir. Hún afnemur ekki konungdæmi á Íslandi og sviptir konung ekki tign sinni. Ísland er eftir sem áður konungsríki, og hinn rétti konungur tekur aftur við völdum, þegar Alþingi telur skilyrði vera fyrir höndum til þess, að svo megi verða.

Síðari ályktunin, sem Alþingi gerði aðfaranótt hins 10. apríl, er svo hljóðandi: „Vegna þess ástands, er nú hefir skapast, getur Danmörk ekki rækt umboð til meðferðar utanríkismála Íslands samkvæmt 7. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, né landhelgisgæzlu samkvæmt 8. gr. téðra laga, og lýsir Alþingi þess vegna yfir því, að Ísland tekur að svo stöddu meðferð mála þessara að öllu leyti í sínar hendur.“

Með sama hætti sem konungi er ókleift að fara með vald sitt hér á landi, er dönskum stjórnarvöldum ókleift að rækja umboð til meðferðar utanríkismála Íslands eða landhelgisgæzlu.

Um landhelgisgæzluna stendur að því leyti sérstaklega á, að í 8. gr. sambandslaganna er Íslandi fengin heimild til að taka hana að öllu leyti í sínar hendur, hvenær sem því lizt. Þurftu því engin sérstök atvik að vera fyrir hendi, til þess að taka hennar væri leyfileg. Eins og að er vikið í ályktuninni, voru samt ríkar ástæður fyrir henni, þar sem dönskum gæzluskipum var vitanlega ófært hingað til lands og danski flotinn auk þess háður valdi annars hernaðaraðiljans og þess vegna ósamrímlegt hlutleysi Íslands að þola, að hann færi áfram með landhelgisgæzlu hér.

Íslandi er að vísu ekki veitt nein heimild í sambandslögunum til einhliða afturköllunar umboðsins til meðferðar utanríkismála á meðan sambandslögin yfirleitt gilda. En forsendurnar fyrir umboði Danmerkur voru brostnar. Danmörk hefir samkvæmt sambandslögunum enga sjálfstæða heimild til að taka ákvarðanir um íslenzk utanríkismál, þó að hún að vísu fari með þau. Ákvörðunarvaldið um hvert einasta úrlausnarefni er í höndum íslenzkra stjórnvalda, og úr því að þeim er ómögulegt að ná til danskra stjórnvalda og segja þeim, hverjar ákvarðanir eru teknar í íslenzkum utanríkis-

málum, er ljóst, að Danmörk getur ekki, meðan svo stendur, farið með utanríkismál Íslands.

Þar sem Alþingi hefir tekið þessa ákvörðun, er eðlilegast, að það segi einnig til, hvenær forsendur hennar séu niður fallnar, svo að til fyrra ástands skuli hverfa á ný. Í ályktuninni segir raunar, að Ísland taki þessi mál að öllu leyti í sínar hendur, en með því er einungis átt við, að Ísland hefir áður farið með þessi mál að nokkru en Danmörk að nokkru, en nú er afskiptum Danmerkur lokið í bili. Hins vegar er með þessu alls ekki átt við fullnaðarráðstöfun þessara mála, sbr. orðalagið „að svo stöddu“. Að öðru leyti en þessu er gert ráð fyrir, að sambandslögin haldi gildi sínu.

Tvímælalaust er, að ályktanirnar 10. apríl voru nauðsynlegar, og þá ekki síður, að þær voru heimilar, bæði samkvæmt íslenskum stjórnskipunarrétti og alþjóðalögum. Bæði konungur og dönsk stjórnvöld hafa eftir á viðurkennt, að hér hafi verið rétt að farið, en frá þessum aðiljum hefði helzt verið mótmæla að vænta. Þá hafa og a. m. k. tvö stórveldi, Bretland og Bandaríki Norður-Ameríku, viðurkennt hina nýju réttarstöðu landsins. Um afstöðu sumra annarra stórvelda er því miður öllu meiri óvissa, en mótmæli hafa hvergi komið fram.

Innanlands hafa þó heyrzt raddir um, að enn róttækari ráðstafanir hefði átt að gera, annað hvort þegar í stað eða a. m. k. nær strax. Skal eigi um það efazt, að nokkur rök hefði mátt færa fyrir því að fara svo að. En gagnrökin hljóta að verða þyngri á metunum. Má þar fyrst og fremst benda á, að þar sem Íslendingar eru varnarlausir og vopnlaus þjóð, verða þeir umfram allt að gæta vel þeirrar einu varnar, sem þeir hafa, en það er að ganga hvergi á rétt annarra og styðja allar gerðir sínar við ströngustu réttarákvæði. Svo var gert í þeim ályktunum, sem samþykktar voru, en frekari aðgerðir hefðu orðið umdeilanlegar, þó að styðja hefði mátt þær við nokkur rök. Aðrar ástæður, sem einnig eru veigamiklar, hnigu og að sömu niðurstöðu, en þar sem sú, er nefnd var, er ærin nóg, skal þetta mál eigi rakið frekar að sinni.

III.

Þau rök, sem á hefir verið dregið, sýna, að aðgerðir Alþingis 10. apríl voru bæði nauðsynlegar og réttmætar. En það var enn fleira, sem vakti fyrir mönnum með samþykkt þeirra. Á þau viðbótarrök var þá hvergi minnzt, en nú virðist eigi lengur ástæða til að draga dul á þau.

Meðan ríkisstjórnin var að láta ganga frá orðalagi hinna umgetnu þingsályktana síðari hluta dags 9. apríl, barst henni bréf frá brezkum stjórnarvöldum. Þar er sagt, að brezka stjórnin óttist, að með tilliti til þýzku innrásarinnar í Noreg og hertöku Danmerkur sé aðstaða Íslands orðin mjög viðsjárverð. Segir síðan orðrétt: „Hins vegar hefir brezka stjórnin ákveðið að hindra það, að Ísland hljóti sömu örlög og Danmörk, og mun gera hverja þá ráðstöfun, sem nauðsynleg er til þessa. Slik ráðstöfun kann að útheimta það, að brezku ríkisstjórninni verði veittar vissar tilslakanir á sjálfu Íslandi. Brezka stjórnin gerir ráð fyrir, að íslenska ríkisstjórnin muni í eigin þágu veita slíkar tilslakanir, jafnskjótt og brezka ríkisstjórnin kann að þarfnast þeirra, og að hún muni yfirhöfuð ljá samvinnu sína við brezku ríkisstjórnina sem hernaðaraðili og bandamaður.“

Með þessu virtist að því komið, sem óttazt hafði verið, að Ísland yrði á einn eða annan veg dregið inn í styrjöldina. Allur aðdragandi þessa benti mjög til, að samband Íslands við Danmörku ætti verulegan þátt í, að svo var komið. Herti þetta mjög á mönnum um að rjúfa þegar, a. m. k. um stundarsakir, þau tengsl, sem mestu hættuna hlutu að skapa, sem sé meðferð íslenzks konungsvalds í Danmörku, umboð Danmerkur til meðferðar íslenzkra utanríkismála og landhelgisgæzlu. Það var einkum þetta, sem vakti fyrir mönnum með að hraða svo afgreiðslu umgetinna ályktana, að þær voru samþykktar strax aðfaranótt 10. apríl. Eftir samþykkt þeirra var ekki framar hægt að nota samband Íslands við Danmörku sem átyllu fyrir hernámi landsins, þó að vitanlega héldist sú hættu, sem stafaði af því, að það sjálft væri talið hafa hernaðarlega þýðingu.

Jafnframt því, sem þessar ályktanir voru gerðar, var íhugað, hvernig svara skyldi hinni brezku orðsendingu, og gerði ríkisstjórnin það með bréfi 11. apríl. Í bréfi þessu er lögð áherzla á vináttu Breta og Íslendinga, en um orðsendinguna sjálfa segir svo:

„Aðstaða Íslands er hins vegar sú, að þegar sjálfstæði Íslands var viðurkennt 1918, lýsti það yfir ævarandi hlutleysi og er auk þess vopnlaust. Ísland vill því hvorki né getur tekið þátt í hernaðarlegum aðgerðum, eða gert bandalag við nokkurn hernaðaraðilja.

Þó að íslensku ríkisstjórninni dyljist ekki, að íslenska þjóðin er þess ekki megnug að verja hlutleysi sitt, vill hún taka það skýrt fram, að hún mun mótmæla hvers konar aðgerðum annarra ríkja, sem í kynni að felast brot á þessari yfirlýstu stefnu. Ríkisstjórnin lætur í ljós þá einlægu von, að með því að fylgja reglum ítrasta hlutleysis, verði komið hjá allri hættu um skerðingu á því.“

Stefna sú, sem í þessari orðsendingu íslensku stjórnarinnar kom fram, er ótvírætt mörkuð af allri afstöðu og sögu íslensku þjóðarinnar. Og því síður gat til mála komið að vika frá henni, þar sem báðir aðalóðfriðaraðiljarnir, Engendingar og Þjóðverjar, hafa öldum saman, hvor að sínu leyti, sýnt Íslendingum fulla vinsemd. Íslenska þjóðin í heild átti ekki fram að þessu annars en góðs að minnast frá skiptum sínum við báðar þessar þjóðir. Einstakir menn hafa auðvitað ólíkar skoðanir um ágæti hvorrar um sig og samúð frekar með annarri en hinni. Hefir m. a. s. miklu meira að þessu kveðið, einnig opinberlega, en góðu hófi gegnir, en það getur að sjálfsögðu engu breytt um heildarafstöðu þjóðarinnar.

Eigi varð úr því þegar í stað eftir 9. apríl, að brezkur herafli væri settur hér á land, eins og menn töldu þá mjög yfirvofandi. Hins vegar var vitað, m. a. vegna yfirlýsingar Churchills í þá átt í neðri deild brezka þingsins, að brezkir stjórnámálemenn voru að íhuga afstöðu Íslands. Full ástæða er til að ætla, að þeir hafi um það haft samráð við Banda-

rikjamenn og að þeir atburðir, sem síðar gerðust, hafi a. m. k. verið með vitund þeirra.

Sú skoðun kom þegar fram, að það mundi að nokkru vera komið undir úrslitum viðureignarinnar í Noregi, hvað um Ísland yrði. Ef Englendingar hrektu Þjóðverja þaðan, þá mundu þeir ekki hafa verulegan hag af því að taka Ísland. En ef þeir biðu þar lægri hluta, þá mundu þeir telja sér meiri þörf en ella að hafa hér bækistöðvar. Hvort sem þessar hugleiðingar hafa verið réttar eða ekki, þá var það eigi fyrr en í ljós var komið, að Bretar gátu ekki náð fótfestu í Noregi, að þeir hófu aðgerðir hér á landi.

Aðfaranótt 10. maí var brezkur herafli settur á land í Reykjavík. Sama dag gekk hinn nýskipaði sendiherra Breta fyrir íslenzku ríkisstjórnina og fullvissaði hana um, að hinn brezki herafli yrði hér ekki stundinni lengur en stríðsnauðsyn krefði, enda mundu Bretar á engan hátt hafa afskipti af stjórn landsins.

Síðar sama dag afhenti íslenzka ríkisstjórnin sendiherranum mótmæli og segir þar m. a.:

„Út af atburðum þeim, sem gerðust snemma í morgun, hernámi Reykjavíkur, er hlutleysi Íslands var freklega brotið og sjálfstæði þess skert, verður íslenzka ríkisstjórnin að vísa til þess, að þann 11. apríl s. l. tilkynnti hún brezku ríkisstjórninni formlega — — — afstöðu íslenzku ríkisstjórnarinnar til tillögu hennar um að veita Íslandi hernaðarvernd, og samkvæmt því mótmælir íslenzka ríkisstjórnin kröftuglega ofbeldi því, sem hinn brezki herafli hefir framið.

Þess er að sjálfsögðu vænt, að bætt verði að fullu tjón og skaði, sem leiðir af þessu broti á löglegum réttindum Íslands sem frjáls og fullvalda hlutlauss ríkis.“

Hinn 16. maí svarar brezki sendiherrann mótmælum íslenzku ríkisstjórnarinnar. Segir þar m. a., að brezka ríkisstjórnin hafi séð sig knúða til, með hagsmuni Íslendinga sjálfra fyrir augum, að koma í veg fyrir þann möguleika, að Þjóðverjar hertækju Ísland. Loks vill brezka stjórnin „einnig taka það fram, að það er fastur ásetningur hennar,

að kalla þennan her heim, þegar er yfirstandandi ófriði lýkur, og að hún hefir engan ásetning eða ósk um að skipta sér af núverandi stjórn landsins.“

Íslendingar efast eigi um, að það sé fastur ásetningur Breta að kalla her sinn heim strax og ófriðnum lýkur. En hvenær það verður, veit enginn, né heldur, hvernig þá verður málum háttað í heiminum og hverjir með úrskurðarvaldið fara.

Hitt er vist, að með hernáminu hefir fullveldi Íslands verið skert svo, að íslenska ríkið fer þar eigi með hin æðstu ráð, heldur her hins erlenda ríkis. Sumir hafa m. a. s. litið svo á, að með hernáminu hafi aðgerðirnar 10. apríl verið ónýttar. Því fer fjarri, að svo sé. Raunar megnuðu þær ekki að forða landinu frá að vera dregið inn í ófriðinn. Afgreiðslu ályktananna frá 10. apríl var hraðað alveg sérstaklega í þessum tilgangi. En þessi tilgangur var ekki sá eini, sem fyrir mönnum vakti, enda kom hann á sínum tíma alls ekki fram, og voru allir þrátt fyrir það sammála um, að fyrir ályktununum væru alveg knýjandi ástæður. Allar þær ástæður eru fyrir hendi enn í dag. Nauðsynin á því, að hið æðsta vald íslenska ríkisins sé innanlands, hefir aldrei verið meiri en nú, enda konungi enn síður kleift en áður að gegna því. Sama er um meðferð utanríkismála og landhelgisgæzlu. Svo erfitt sem það hefði verið, ef Danmörk hefði átt að fara með þessi mál frá 10. apríl til 10. maí, þá er það allsendis ómögulegt eftir þann tíma. Gildi ákvarðananna er hins vegar miklu meira en ella vegna þess, að þær voru teknar fyrir hernám Breta en ekki eftir. Ef þá fyrst hefði verið hafizt handa um þær, þá hefði verið erfitt að sannfæra nokkurn um, að þær væru ekki beinlínis gerðar að undirlagi Breta, meðal annars til ögrunar hinum ófriðaraðiljanum. Nú verður hins vegar ekki um það efazt, að þær voru einungis teknar vegna nauðsynjar Íslands sjálfs og til að sýna sjálfstæðisvilja landsmanna gagnvart hverjum, sem kynni að vilja ganga á réttindi þeirra.

IV.

Athurðir þessir sýna enn ljósara en menn höfðu gert sér í hugarlund, að Íslendingar ráða ekki sjálfir örlögum sínum nema að litlu leyti. Ennþá ótvíræðara er þó hitt, að stoð finna þeir ekki hjá sambandsríki sínu, heldur stafar einungis aukin hætta af sambandinu. Hvar er þá hjálpar að vænta?

Hvergi nema hjá oss sjálfum.

Þegar í harðbakka slær, á hver þjóð nóg með að hugsa um sjálfa sig. Um samvinnu Norðurlanda hefir mikið verið talað á undanförunum árum. Sá fyrirvari var ætíð gerður, að í hernaðarbandalag vildu hvorki þessar þjóðir ganga né gætu gengið. En að öðru leyti ætluðu þær að standa saman í orði og verki, og þær fregnir voru látnar berast hingað til lands, að ef Íslendingar slitu sambandinu við Dani, þá mundi þeim verða ofaukið í hinni norrænu samvinnu. Í vetur og vor reyndi á haldgæði hinna fögru orða. Oft höfðu fagrar ræður verið haldnar í veizlusölum um samvinnuna, en í apríl í vor var það lífsnauðsyn, að forseti norska Stórþingsins fengi að flytja ræðu í Stokkhólmi til styrktar föðurlandi sínu. Það var fyrsta ræðan um norræna samvinnu, sem verulega þýðingu gat haft, en hún var líka sú fyrsta, sem hönnuð var. Eftir það verður það eigi notað sem ögrun gegn neinum, að hann eigi á hættu að fá eigi frammar að taka þátt í norrænni samvinnu.

Þetta er eigi sagt í aðfinningarskyni. Alveg hið sama kom fram 1864, og alveg hið sama mun ætíð koma fram, hvenær sem á riður. Slikt er dapurleg staðreynd, en það er staðreynd engu að síður og staðreynd, sem nauðsynlegt er að þekkja.

Íslendingar megna að visu lítið. En yfir einu ráða þeir og það er eigin vilja. Á meðan viljinn til fulls sjálfstæðis er vakandi, er enn von um batnandi tíma. En ef sá vilji hverfur, hlýtur þjóðernið sjálft, það, sem einkennir oss frá öllum öðrum og gefur oss eitthvert gildi, að hverfa þar með. Viljinn verður því að vaka. Örlögin kunna að verða oss óblið, en látum það eigi sannast, að það verði sjálfum oss að kenna.

Inn í framtíðina þýðir eigi að reyna að skyggast. Vér

höfðum lengi haft ráðagerðir um að afnema síðustu leifar erlends valds á tilteknu ári. Atburðirnir knúðu oss til að gera það fyrr en ætlað hafði verið, en áður en varði voru á oss lagðar nýjar viðjar.

Drátt fyrir það eigum vér að halda sömu stefnu sem ákveðin hafði verið. Vér verðum að treysta því, að hinar nýju hömlur á sjálfstæði voru standi einungis skamma stund. Ef svo skyldi fara, að hinum ægilega hildarleik lyki bráðlega og unnt væri á ný að ná eðlilegu sambandi við konungvorn og sambandsríki, þá mundu aðgerðirnar 10. apríl verða felldar úr gildi, nema samkomulag næðist um að halda þeim áfram. En þótt þær féllu niður, þá mundi það einungis verða um stundarsakir. Allir Íslendingar mundu þá verða sammála um að nota fyrst endurskoðunarákvæði sambandslaganna í ársbyrjun 1941 og síðan uppsagnarákvæðið strax og heimild er til þess, eftir árslok 1943. Til þessa mundi þó sennilega eigi koma. Dönum getur eigi fremur en oss dulizt, að sagan hefir kveðið upp sinn dóm, og að bezt er í vináttu að jarðsetja það, sem þegar er dautt. Nú er orðið alveg ótvírátt, að samfara niðurfalli sambandslaganna mundi konungssambandið einnig rofna, og verða Íslendingar því nú þegar að ihuga, hvernig þeir vilja láta koma hinu æðsta valdi fyrir.

Vera kann og, að ófriðurinn standi enn um stund, og hana e. t. v. langa. Frá upphafi var gert ráð fyrir því, að sú skipun, sem var á gerð 10. apríl, væri einungis til bráðabirgða. Verður og ekki á móti því mælt, að ef það ástand, sem nú er, helzt langa hrið, eru forsendur sambandslaganna fallnar brott, og geta Íslendingar þá ekki lengur verið bundnir af þeim. Einkanlega lægi nærri að álykta á þessa leið, ef ekki væri unnt að byrja á samningum um endurskoðun á sambandslögunum á árinu 1941, þó að Íslendingar gerðu kröfu um það skv. 18. gr. sambandslaganna.

Ef þau atvik yrðu fyrir hendi, sem tvímælalaust sýndu, að Íslendingar væru ekki framar bundnir af sambandslögunum, mundi eðlilegast, að Alþingi og handhafi konungvalds gæfu yfirlýsingu þess efnis, og síðan yrði þjóðarat-

kvæðagreiðsla henni til staðfestingar lálin fara fram, með hliðsjón af 2. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnframt þessu þyrfti Alþingi að samþykkja nýja stjórnarskrá, þingrof að fara fram, nýjar kosningar, hið nýkosna Alþingi að samþykkja stjórnarskrárfrumvarp fyrra þingsins og handhafi konungsvalds að staðfesta það.

V.

Um efni þessa stjórnarskrárfrumvarps skal eigi fjölyrt hér. Á það skal einungis bent, að tvennt er til. Annað hvort, að gera einungis þær breytingar frá núverandi ástandi, sem óhjákvæmilegar verða vegna brottfalls sambandslaganna og annars fyrirkomulags á meðferð hins ædsta valds, og hafa það þó sem líkast því, er var, meðan konungur fór með það, og að öðru leyti einungis nauðsynlegar formbreytingar eða leiðréttingar. Eða að taka stjórnarskrána til gagngerðrar endurskoðunar, einnig þau atriði, sem ágreiningur er um, og mjög hæpið er, að til frambúðar sé.

Fyrri aðferðin er áreiðanlega greiðfærari. En karlmannlegra sýnist að velja hina. Í stjórnarskránni eru veigamikil atriði, sem verður að telja hæpið, að lengur eigi við, þó að áður hafi verið réttlætanleg. Má þar til dæmis nefna deildaskiptinguna. Enn önnur eru slík, að mikill hluti landsmanna telur þau fullkomið ranglæti, og á það auðvitað fyrst og fremst við um kjördæmaskipunina. Er sannast sagt við því búið, að ef ekki verður í tíma á löglegan hátt leiðréttur sá alrangi grundvöllur undir valdaskiptinguna í landinu, sem með henni er lagður, þá muni það áður en langt um liður leiða til enn meiri öfga á hinn bóginn. Loks er það mjög athugandi, hvort það er svo sjálfsgagt sem í fljótu bragði kann að virðast að halda fast við þingræðisfyrirkomulagið eins og það hefir komizt á hér eftir 1904.

Auðvitað dettur mér eigi í hug að gera tillögu um afnám lýðræðisins hér á landi. En þingræðið er einungis ein mynd lýðræðisins og mjög efasamt, að hún sé sú heppilegasta. Að minnsta kosti hafa Bandaríki Norður-Ameríku ekki litið svo

á, en þau eru nú völdugasta lýðræðisríkið í veröldinni. Þar er forsetinn kosinn af þjóðinni og hann útnefnir ráðherra, sem eru þinginu óháðir. Með þessu er mikið vald lagt í hendur einum manni, meira en vér Íslendingar mundum þola nokkrum manni til lengdar.

En þingræðið í sömu mynd og hér hefir ekki heldur verið tekið upp hjá einni elztu lýðræðisþjóð Norðurlálfunnar, Svisslendingum. Hefir þeim þó lengi verið viðbrugðið fyrir frelsisást sína og viturlega stjórnarháttu.

Þar er framkvæmdarvaldið í höndum 7 manna stjórnar eða ráðherra. Stjórninni er skipt í 7 stjórnardeildir eða ráðuneyti og stendur einn ráðherra fyrir hverju. En ráðuneytin koma ekki fram sjálfstætt, heldur einungis í nafni stjórnarinnar í heild. Þingið kýs ráðherrana til þriggja ára og má endurkjósa þá. Venjulega eru þingmenn eða aðrir reyndir stjórnálamenn kosnir. Allt frá 1892 hafa minnihluta-flokkarnir á þingi einnig átt sæti í stjórninni, þannig að samsteypustjórn hefir raunverulega átt sér stað. Stjórnin er óháð atkvæðagreiðslum á þingi, svo að ráðherra heldur sæti sínu út kjörtímabil sitt, þó að þingið hafi áður misst traust á honum. Afleiðingin verður þá sú, að hann er ekki endurkosinn, og hefir slikt þó tiltölulega sjaldan átt sér stað. Stjórnin getur ekki rofið þing, en hefir þó raunverulega forustu fyrir því.

Forseti lýðveldisins er einn af þessum sjö ráðherrum og stendur fyrir ráðuneyti eða stjórnardeild eins og hver hinna. Þingið kýs hann til eins árs úr hópi ráðherranna, og má endurkjósa hann á næsta ári, hvort heldur sem forseta eða varaforseta. Á þessu eina ári er ekki hægt að setja hann af. Hann kemur fram út á við og inn á við fyrir hönd lýðveldisins, en hefir ekkert eigið ákvörðunarvald, heldur tekur ákvarðanir í nafni stjórnarinnar. Ef hann hefir ekki samþykki hennar fyrir fram, en ákvörðun má ekki fresta, nægir samþykki eftir á. Stjórnin er ályktunarfær, ef fjórir greiða atkvæði, og verða a. m. k. þrír að vera með ályktun, til þess að hún sé gild. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði forseta.

Með þessu svipuðu fyrirkomulagi hér á landi væri hið erfiða úrlausnarefni um forseta og samhengi í meðferð hins æðsta valds leyst fyrirhafnarlaust og á miklu kostnaðarminni hátt en ella. Sjálfsagt væri, að hlutfallskosningar væru á þingi um ráðherrastöðurnar, sem ekki þyrftu að vera fleiri en fimm, eða jafnvel þrjár. Þar með væri skapaðar verulegar líkur fyrir, að réttur minnihlutans væri eigi jafnt fyrir borð borinn og verið hefir til skamms tíma undanfarin ár hér á landi. En jafnframt væri tryggt, að meiri hlutinn hefði ætíð úrslitaráðin og gæti komið sínum vilja fram.

VI.

Á þessi atriði er hér einungis bent til ihugunar. Að lokum skal einungis að því vikið, að þótt allar líkur séu til, að vér höfum þegar á næsta ári formlegan rétt til að slíta sambandinu við Danmörku til fulls og setja sjálfum oss frambúðar stjórnskipun, þá er mjög vafasamt, hvort hyggilegt er að gera það, meðan erlendur her er í landinu. Þarf það mál rækilegri umhugsunar en það enn hefir hlotið. Hver úrræði, sem valin verða, ríður samt mest á, að þjóðin sé nú samhent og láti engan innri klofning eða veilur verða öðrum afsökun til ihlutunar um hagi hennar og framtíð.

Óvissan er mikil og örðugleikarnir láta áreiðanlega ekki á sér standa. Eitt bendir þó sterklega til þess, að vér séum eigi með öllu heillum horfnir. Það er, að allir meginflokkar þjóðarinnar skyldu standa saman um stjórn landsins, þegar þessir örlagaríku atburðir gerðust. Þeirri samvinnu er um margt ábótavant og má vel vera, að flokkarnir þykist eiga högg í annars garð fyrir ýmislegt, sem þar hefir komið fram. En um meginatriðið: að reyna að forða þjóðinni frá hinni mestu hættu, sem yfir hana hefir komið öldum saman, hafa allir reynzt samtaka.

Ef þau samtök haldast, og ef þau sækja styrk sinn í einbeittan vilja þjóðarinnar til algers sjálfstæðis, höfum vér eigi látið vort eftir liggja.

Síðan ráða guð og gæfan, hver úrslitin verða.